

Fimmtudaginn 10. júní 1993.

Nr. 5/1993.

Alþýðusamband Íslands

f.h. Samiðnar vegna Iðnsveinafélags Suðurnesja

(Bryndís Hlöðversdóttir cand. jur.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands

f.h. Íslenskra aðalverktaka s.f.

(Jón R. Pálsson hdl.)

Trúnaðarmaður. Uppsögn úr starfi. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem tekið var til dóms þann 26., maí sl., höfðaði stefnandi Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16 a, Reykjavík f.h. Málm- og skipasmiðasambands Íslands, kt.450269-3959, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, vegna Iðnsveinafélags Suðurnesja, kt. 660169-3269, Tjarnargötu 7. Keflavík, með stefnu, þingfestri 23. apríl sl., fyrir Félagsdómi gegn Vinnuveitendasambandi Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Íslenskra aðalverktaka s.f., kt. 660169-2379, Keflavíkurflugvelli.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að uppsögn Íslenskra aðalverktaka s.f., dags. í október 1992, sem taka átti gildi 1. febrúar 1993 en var frestað með bréfi, dags. 19. janúar 1993, til 1. apríl s.ár, er Pálma Hannessyni, kt. 100254-2559, Hólagötu 31, Njarðvík, sem var starfsmaður hjá nefndu fyrirtæki og trúnaðarmaður stéttarfélags síns þar, var sagt upp starfi, verði dæmd ólögmat.
2. Að Íslenskum aðalverktökum s.f. verði gert að greiða sekt í ríkissjóð fyrir brot á 11. gr. laga nr. 80/1938.
3. Að Íslenskum aðalverktökum s.f. verði gert að greiða stefnanda málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru:

1. Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
2. Að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnaður að mati dómsins.

Við munnlegan málf lutning var því lýst yfir af lögmanni stefn-

anda, að Málm- og skipasmiðasamband Íslands hafi eftir höfðun málsins sameinast öðrum félögum undir nafninu Samiðn.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að í janúar árið 1986 hafi Pálmi Hannesson bifvélavirki ráðist til starfa á tækjaverkstæði Íslenskra aðalverktaka s.f. á Keflavíkurflugvelli og hafi hann starfað þar síðan. Þann 14. febrúar 1991 hafi Pálmi verið skipaður trúnaðarmaður stéttarfélags síns á grundvelli laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur til tveggja ára og þann 26. mars 1993 hafi hann enn á ný verið skipaður til að gegna trúnaðarmannstöðunni áfram. Í báðum tilvikum hafi Pálmi verið skipaður á lögformlegan hátt af stéttarfélagi sínu og að undangenginni kosningu á vinnustað, skv. ákvæðum kjarasamnings aðildarféлага Málm- og skipasmiðasambands Íslands um trúnaðarmenn. Þann 27. október 1992 hafi fyrirtækið sent tilkynningu til Félagsmálaráðuneytisins um væntanlegar hópuppsagnir, samtals 112 einstaklinga hjá öllu fyrirtækinu. Í lok október sl. hafi komið til uppsagna starfsmanna á tækjaverkstæði fyrirtækisins en nokkrum mánuðum áður hafði 2 mönnum verið sagt upp á verkstæðinu á grundvelli samdráttar. Á tækjaverkstæðinu hafi á þessum tíma starfað 20 menn og hafi 7 þeirra fengið uppsagnarbréf og hafi Pálmi verið einn þeirra. Af þeim 7 mönnum sem sem fengu uppsagnarbréf í október séu 2 enn í starfi, en annar þeirra hafi haft 6 mánaða uppsagnarfrest og eigi því að hætta 1. maí 1993, en hinn hafi fengið framlengingu ráðningar sinnar um mánuð í senn. Hvað uppsagnarbréf Pálma varðar þá sé það ódagsett, aðeins sé tiltekið að það sé skrifað í október 1992 og sé ástæða uppsagnarinnar sögð niðurskurður fjárveitinga og óvissa í úthlutun á þegar umsömdum verkum. Pálma sé sagt upp með 3 mánaða fyrirvara og skuli síðasti vinnudagur vera 31. janúar 1993, en síðan hafi ráðningin verið framlengd til 31. mars s.ár. Pálmi hafi kvittað fyrir móttöku uppsagnarbréfsins með fyrirvara um lögmæti uppsagnarinnar. Pálmi hafi strax leitað til stéttarfélags síns, Iðnsveinafélags Suðurnesja, og hafi félagið þegar í stað sent skrifleg mótmæli til starfsmannastjóra Íslenskra aðalverkaka s.f með bréfi dagsettu 29. október sl. Í því mótmæli stjórn Iðnsveinafélags Suðurnesja uppsögn Pálma og lýsi því yfir að félagið telji hana ólöglega, auk þess sem þess sé óskað að hún verði dregin til baka. Viðbrögð við mótmælunum hafi aðeins verið þau að ráðning Pálma hafi verið framlengd um 2 mánuði, en

að öðru leyti ætlaði fyrirtækið að halda uppsögninni til streitu. Pálmi hafi ítrekað haft samband við forsvarsmenn fyrirtækisins og lýst yfir vilja sínum til að starfa áfram í þjónustu þess, en án árangurs. Hafi hann enga vinnu fengið enn þrátt fyrir tilraunir til þess, enda sé atvinnuástand á svæðinu með versta móti.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Í máli þessu, sem stefnandi tjáir höfðað á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 8. gr. sömu laga, byggir stefnandi kröfu-gerð sína á því að uppsögn Pálma, sem var réttléga kjörinn og skipaður trúnaðarmaður stéttarfélags síns á vinnustað, sé brot á 11. gr. laga nr. 80/1938 og sé því ólögmat. Í 11. gr. segi að umboðsmönnum þeirra sé óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmenn eða láta þá á nokkurn hátt gjalda þess, að stéttarfélag hafi falið þeim að gegna trúnaðarmannsstöðu fyrir sig. Þá segi í seinni málslið greinarinnar að þurfi atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum, skuli trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni. Telur stefnandi að uppsögnin brjóti í bága við 2. málslið 11. gr., þar sem hér sé um uppsagnir 7 manna að ræða af 20 manna hópi á tækjaverkstæðinu. Þá hafi ráðning eins þeirra verið framlengd, mánuð og mánuð í senn, auk þess sem einn sé enn á uppsagnarfresti. Því hafi í raun aðeins 5 menn hætt störfum af þessum 20 og sé fækkunin ekki það veruleg að uppsögn trúnaðarmanns hafi verið nauðsynleg. 11. gr. laga nr. 80/1938 sé ætlað að vernda trúnaðarmenn sérstaklega gegn uppsögnum, enda þeim ætlað að vernda félagslegan og borgaralegan rétt starfsbræðra sinna, sbr. 9. gr. laga nr. 80/1938. Pálmi hafi verið kjörinn og skipaður í samræmi við ákvæði kjarasamnings þar um. Þá hafi hann sinnt starfsskyldum sínum að öllu leyti vel og verið til fyrirmyndar í alla staði sem starfsmaður, enda hafi hann aldrei fengið áminningu um brot á starfsskyldum sínum. Það séu því engin þau atvik í málinu er réttlæti uppsögn Pálma og því sé þess krafist að uppsögnin verði dæmd ólögmat.

Stefnandi vísar til stuðnings kröfum sínum til laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi kveður málavexti vera þá að vegna seinagangs og óvissu í úthlutun á þegar umsömdum verkum, sem fyrirhugað var að kæmu til framkvæmda á Keflavíkurflugvelli hafi Íslenskir aðalverktakar

orðið að skera niður starfsmannafjölda og hefja endurskipulagningu og uppstokkun á rekstri sínum. Í fyrstu hafi verið reynt að halda í horfinu og farið hægar í uppsagnir en ella í þeirri von að málin myndu skýrast á næstu mánuðum. Þær vonir hafi ekki gengið eftir og hafi ársverkum fækkað um 224 frá 1990 til dagsins í dag og hafi það bitnað á öllum deildum fyrirtækisins. Strax í júníbyrjun 1992 hafi Þorbjörn Guðmundsson bifvélavirki verið fluttur af tækjaverkstæði og gerður að verkstjóra á smurstöð, en skömmu áður hafi forveri hans í því starfi andast. Í ágúst s. ár hafi verið tekin ákvörðun um að fækka um 2 starfsmenn til viðbótar á dekkjaverkstæði og hafi annar þeirra, sem var rennismiður, og hinn, sem starfaði í almennum viðgerðum, fengið uppsagnarbréf sem miðaðist við 1. september það ár. Í september hafi verið ljóst að ekki yrði lengur frestað af hálfu fyrirtækisins að segja upp enn fleiri starfsmönnum vegna bágrar verkefnastöðu og algerrar óvissu um áframhaldandi framkvæmdir. Þessi staða hafi öllum verið ljós og af þessu tilefni hafi Iðnsveinafélags Suðurnesja sent bréf þann 14. september 1992 til starfsmannastjóra Íslenskra aðalverktaka s.f., þar sem sú ósk var borin fram að félagsmenn þess, sem búsettir væru á Suðurnesjum, gengju fyrir um vinnu, ef til fleiri uppsagna myndi koma hjá fyrirtækinu. Þegar ljóst var að fækka þyrfti mannskap í hinum ýmsu deildum hafi verið farið í saumana á verkefnastöðu á hverjum vinnustað. Á tækjaverkstæðinu hafi fyrirliggjandi viðgerðir verið metnar og bilanatíðni tækja áætluð miðað við umsvif fyrirsjáanlegra verka. Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og áætlana hafi yfirstjórn fyrirtækisins ákveðið að segja upp 10 mönnum á tækjaverkstæðinu.

Yfirverkstjóra og verkstjóra hafi verið falið að setja saman lista þeirra manna, sem þeir gætu síst án verið burtséð frá öðru en því að um lykilmenn væri að ræða á hverju sviði. Upphaflega hafi yfirstjórnin ætlað að segja upp 9 mönnum, en niðurstaðan hafi verið sú að 7 mönnum, að Pálma meðtöldum, var sent uppsagnarbréf. Það hafi verið gert vegna ábendinga verkstjóranna, sem ekki töldu sig geta komist af með færri starfsmenn vegna fjölbreyttrar starfsemi á verkstæðinu. Eftir samráð við framkvæmdastjórnann hafi starfsmannastjóri fallist á röksemdir verkstjóranna. Í október 1992 hafi síðan 112 starfsmenn fengið uppsagnabréf, þar af 7 á tækjaverkstæði, en 3 starfsmenn á tækjaverkstæði hafi verið fyrir á uppsagnarfresti eða hættir störfum.

Með bréfi dags. 29. október 1992 hafi Iðnsveinafélags Suðurnesja einnig mótmælt nýtilkomnum uppsögnum á tækjaverkstæðinu, þar sem hvorki væri tekið tillit til búsetu manna eða fjölskylduástandna. Jafnframt var uppsögn Pálma mótmælt sem ólöglegri skv. kjarasamningum. Í kjölfar þessara mótmæla hafi átt sér stað viðræður milli starfsmannastjóra Íslenskra aðalverktaka s.f. og formanns Iðnsveinafélags Suðurnesja án þess að niðurstaða fengist. Í viðræðunum hafi starfsmannastjóri ítrekað þá skoðun fyrirtækisins að uppsögn Pálma væri lögmæt.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að uppsögn Pálma Hannesonar hafi verið óviðkomandi trúnaðarmannsstarfi hans. Hún hafi því verið fyllilega lögmæt og hvorki brotið gegn ákvæðum kjarasamnings aðila laga nr. 80/1938, sbr. 9. og 11. gr. þeirra. Trúnaðarstörf Pálma í þágu stefnanda hafi ekkert komið uppsögn hans við. Uppsögnin hafi verið nauðsynleg vegna almennrar fækkunar starfsmanna hjá stefnda, sem leiddi af verkefnaskorti, sem stefnda verði ekki um kennt. Pálmi hafi ekki verið látinn gjalda starfa sinna sem trúnaðarmaður á nokkurn hátt, heldur lotið því lögmáli sem beitt var af verkstjórum, en á þeim hafi hvílt ábyrgð og ákvarðanatöku um það, hvaða 7 mönnum skyldi sagt upp á tækjaverkstæði. Starfsemi á tækjaverkstæði sé fjölbreytt. Henni sé skipt upp í ákveðin svið eftir verkefnum og tækjum. Pálmi hafi starfað við almennar viðgerðir á tækjaverkstæði. Þeir samstarfsmenn hans, sem héldu störfum sínum, hafi hins vegar verið lykilmenn á sínu sviði og því ómissandi fyrir starfsemi stefnda að mati verkstjóra. Þessari lykilstöðu og sérhæfingu hafi þeir náð með áralangri reynslu í fyrirtækinu eða verið beinlínis ráðnir inn á verkstæðið vegna sérþekkingar sinnar á ákveðnum tækjum. Af þessum ástæðum einum hafi þeim ekki verið sagt upp störfum.

Stefnandi segist byggja málsókn sína á 2. málslið 11. gr. laga nr. 80/1938. Þessi lagatilvísun stefnanda fái ekki staðist miðað við málsatvik. Orðalag ákvæðisins banni ekki fortakslaust uppsagnir trúnaðarmanna, þegar fækka þurfi starfsmönnum vegna samdráttar, enda segi í greininni að þeir skuli að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda starfi. Ákvæðið hafi í laga- og dómaframkvæmd aldrei verið túlkað þannig að uppsögn trúnaðarmanns verði ólögmæt af þeirri ástæðu einni að starfsmaður er trúnaðarmaður. Stefnandi byggir málsókn

sína á ástæðum, sem séu óviðkomandi verndarákvæðum vinnulöggjafarinnar um trúnaðarmenn. Pálmi hafi hvorki verið fyrsti né síðasti maður, sem sagt var upp störfum, eins og ljóst sé af mála-vöxtum. Hann sé í hópi 7 manna, sem urðu að sæta því erfiða hlutskipti að fá uppsagnarbréf í október 1992. Aðeins einn þessara sjö manna gegni ennþá störfum sem verkfæravörður. Tímabundin framlenging ráðningarsamnings hans sé þessu máli óviðkomandi. Í ljós hafi komið að starf hans yrði ekki lagt niður nema með lengri fyrirvara.

Þá kveður stefndi að fullyrðingar stefnanda um það, að aðeins 5 af 20 mönnum hafi verið sagt upp séu beinlínis rangar eða misvísandi, því í þessum 20 manna hópi telji stefnandi með tvo lærlinga á námssamningi sem óheimilt sé að segja upp. Óumdeilt sé að Pálmi hafi aldrei verið áminntur sérstaklega vegna starfa sinna. Þær fullyrðingar stefnanda að Pálmi hafi í störfum sínum verið til fyrirmyndar sem starfsmaður virðist hins vegar umdeilanlegar.

Samkvæmt gr. 13.1. í kjarasamningi málmiðnaðarmanna skuli trúnaðarmenn eigi kosnir eða tilnefndir til lengri tíma en 2 ára í senn. Endurtilnefning Pálma í stöðu trúnaðarmanns hafi verið samningsbrot og í raun hrein markleysa eins og á stóð, þar sem hann var á framlengdum uppsagnarfresti. Framlenging uppsagnarfrestsins hafi haft það eina markmið að gera Pálma kleyft að ljúka tveggja ára starfstímabili sínu sem trúnaðarmaður samkvæmt kjarasamningi. Engin kosning hafi farið fram á vinnustaðnum heldur muni Pálmi hafa gengið á milli samstarfsmanna sinna og spurt hvort þeir mundu styðja sig í embættið.

Stefnandi byggir málsókn sína á 1. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938. Samkvæmt lögum nr. 80/1938, 9. gr. gildi sú regla að stjórn stéttarfélags sé rétt að tilnefna tvo menn til trúnaðarstarfa úr hópi þeirra starfsmanna, sem á staðnum vinna og skuli atvinnurekandi samþykkja annan þeirra. Starfsmannastjóri stefnda hafi tekið á móti tilnefningarbréfi Iðnsveinafélags Suðurnesja þann 26. mars 1993 með þeim fyrirvara að Pálmi myndi hætta störfum frá og með 1. apríl 1993. Frá sama tíma hafi Hermann Jakobsson, sem tilnefndur hafi verið varatrúnaðarmaður, í raun tekið við aðaltrúnaðarmannastarfi á tækja-verkstæði, enda hafi það verið fullkomlega eðlilegt miðað við það, að hann hafði verið varatrúnaðarmaður sl. tvö ár og m.a. sótt trúnaðarmannanámskeið á vegum stefnanda.

Stefndi segir að yfirlit um atvinnuástand, sem stefnandi leggi fram, hafi enga efnislega þýðingu um niðurstöðu málsins.

Sektarkrafa stefnanda sé vanreifuð og tilefnislaus miðað við málatilbúnað hans og málsatvik. Stefnanda sé jafn ljóst og stefnda að uppsögn Pálma Hannessonar fyrrverandi trúnaðarmanns byggist einungis á rekstrarlegum ástæðum.

Stefndi byggir málskostnaðarkröfu sína á 65. gr., sbr. 69. gr. l. 80/1938.

Niðurstaða.

Óumdeilt er að sumarið og fram á haust 1992 var svo komið fyrir Íslenskum aðalverktökum sf., vegna verkefnaskorts og óvissu í útlutun á þegar umsömdum verkum, að fyrirtækið þurfti að fækka starfsmönnum.

Trúnaðarmanninum Pálma Hannessyni var sagt upp starfi í októbermánuði 1992. Uppsögnin átti að ganga í gildi l. febrúar 1993 eða tveimur vikum áður en tveggja ára tímabil hans sem trúnaðarmanns var á enda. Glöggt er af málavöxtum að uppsögnin átti ekki rót sína að rekja til þess, að Pálmi væri látinn gjalda starfa sinna sem trúnaðarmaður, sbr. l. málslið 11. gr. laga nr. 80/1938. Á hinn bóginn nýtur trúnaðarmaður þess réttar, sbr. 2. málslið sömu lagagreinar, að hann skal að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni þegar atvinnurekandi þarf að fækka við sig starfsmönnum. Í þessu ákvæði felst sú meginregla, að trúnaðarmanni á ekki að segja upp störfum við fækkun starfsmanna, nema vinnuveitandinn sýni fram á ríkar ástæður til þeirrar ráðabreytni. Í þeim efnum duga ekki almennar staðhæfingar eins og stefndi beitir í þessu máli um lykilhlutverk þeirra starfsmanna, sem héldu vinnunni, enda hefur stefnandi mótmælt þessum staðhæfingum. Einnig verður að líta svo á með hliðsjón af þeim fjölda starfsmanna á tækjaverkstæði stefnda, er héldu áfram störfum, og hinna, er sagt var upp, að stefndi hafi haft nægjanlegt svigrúm til þess að komast hjá uppsögn Pálma Hannessonar, en ekki hafði verið fundið að störfum hans.

Þannig var uppsögnin ólögleg frá upphafi talið og gat því ekki orðið lögmæt við framlengingu.

Samkvæmt þessu ber að taka til greina kröfu stefnanda um að dæma uppsögn Íslenskra aðalverktaka s.f., sem beindist gegn Pálma Hannessyni, ólögmeta.

Svo sem réttarágreiðing í máli þessu er háttað eru hins vegar

ekki efni til þess að dæma Íslenska aðalverktaka s.f. til greiðslu sektar.

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda kr. 70.000.- í málskostnað.

D ó m s o r ð :

Uppsögn Íslenskra aðalverktaka s.f. í október 1992 á starfi Pálma Hannessonar, trúnaðarmanns, var ólögmat.

Stefndi, Íslenskir aðalverktakar s.f., skal vera sýkn af kröfu stefnanda um greiðslu sektar.

Stefndi greiði stefnanda, Iðnsveinafélagi Suðurnesja, kr. 70.000.- í málskostnað.

S é r a t k v æ ð i

Gunnars Guðmundssonar.

Niðurstaða.

Óumdeilt er að sumarið og fram á haust 1992 var svo komið fyrir Íslenskum aðalverktökum sf., vegna verkefnaskorts og óvissu í útlutun á þegar umsömdum verkum, að fyrirtækið þurfti að fækka starfsmönnum.

Í október sama ár var samtals 112 starfsmönnum send uppsagnarbréf. Á tækjaverkstæði fyrirtækisins var 7 mönnum af 20 sagt upp störfum, þar á meðal Pálma Hannessyni bifvélavirkja, kt. 100254-2559, Hólagötu 31, Njarðvík. Af framangreindum 20 starfsmönnum voru 2 verkstjórnendur og 2 iðnnemar. Uppsögn Pálma átti að ganga í gildi 1. febrúar 1993 eða tveim vikum áður en tveggja ára tímabil hans sem trúnaðarmanns var á enda.

Eins og fram hefur komið var Pálma Hannessyni sagt upp vegna sannanlegs verkefnisskorts ásamt 111 starfsmönnum sama vinnuveitenda. Starf hans og annarra samstarfsmanna, sem höfðu sinnt almennum viðgerðum á tækjaverkstæði, var lagt niður. Telja verður í ljós leitt, að uppsögn þessi hafi verið af hálfu verkstjórnenda stefnda byggð á almennum efnislegum mælikvarða en hafi ekki stafað af persónulegum ástæðum trúnaðarmannsins eða starfs hans sem trúnaðarmaður.

Samkvæmt þessu þykir því mega líta svo á að uppsögn Íslenskra aðalverktaka sf. á Pálma Hannessyni sé lögmat og ber af þeim sökum að fallast á sýknukröfu stefnda.

Eins og máli þessu er háttað eru ekki efni til að dæma stefnda Íslenska aðalverktaka sf. til greiðslu sektar.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f h. Íslenskra aðalverktaka sf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Samiðnar vegna Iðnsveinafélags Suðurnesja.

Stefndi skal vera sýkn af kröfu stefnanda um greiðslu sektar.

Málskostnaður fellur niður.
